

Holt og Álftagróf

Magnús Finnbogason skráði

Á aurunum milli **Holtsár** (1) og **Hafursár** (2) er eyðibýlið Holt. Hafa vötn þessi sorfið svo að túni og heimalandinu, að eftir er aðeins allstór hóll af túninu, eins og dálítil eyja í því mikla vatna- og aurahafi, sem umlykur það á alla vegu.

Engjar Holts eru vestan við Holtsá fram með Fellsmyri. Álftagróf er í norður frá Holti, og eru beitarlönd þessara jarða sameiginleg. Í austur frá Holti er eyðibýlið Keldudalur, og er hann nytjaður frá Gróf.

Í Holtstúninu niður við aurinn er hóll, sem heitir **Kirkjuhóll** (3), en fyrir ofan það er **Kviamýri** (4) (að mestu komin í aur). Þar fyrir ofan er **Flóðamýri** (5).

Þá kemur að heimalandi Álftagrófar. Neðan við bæinn [er] **Grófarmýri** (6), en túnið vestan við bæinn heitir **Enni** (7). En norðan við bæinn er dalur, sem heitir **Gróf** (8). Vestan megin í honum heita brekkurnar **Háubrekkur** (9), en austan megin heitir **Bjalli** (10). Neðarlega í honum er **Bjallaból** (11). Ofan við það er **Gatból** (12), en efst **Bjallahaugur** (13). Skammt austan við bæinn er gil, sem heitir **Mógil** (14). Austan við það eru **Sléttur** (15). Þar norður af er **Dýjamýri** (16). Upp af henni er **Fjárhústún** (17). Þar hjá er **Fjárhúsklettur** (18) (er það gömul álfakirkja). Þar austur af er **Sláttulág** (19) og **Sláttutorfa** (20).

Tekur nú við sameignarlandið. Vestan við Álftagrófurtúnið eru **Stekkjargólur** (21). Fyrir ofan túnið er melur, sem heitir **Hryggur** (22) og **Hryggjartorfa** (23). Vestan í Hrygg er torfa, sem heitir **Kringla** (24). Þar neðan við er **Kringlumýri** (25). Neðst í heiðinni er mýrafláki, sem heita **Hrísmýrar** (26), en norðurhluti þeirra heita **Dalamýri** (27). Norður af mýrunum er upp blásið, og heitir það **Moldskurðir** (28). Þar austur af er gil, sem heitir **Vati** (29) og **Vatalækur** (30), **Vataklofi** (31), **Vatatorfa** (32) og **Vataból** (33). Norðan við Grófina eru **Reiðingsból** (34) (þar var þurrkaður og geymdur reiðingur). Þar inn af er **Krögutorfa** (35). Upp af henni er **Krögutorfuháus** (36) (líklega er þetta kennt við

krögótta á). Þar austur af heita **Brúnir** (37), og ná þær að **Keldudalsgili** (38), og er þá komið að Keldudalslandi.

Í Keldudalsgili rennur **Keldudalsá** (39). Fremst í Brúnum er gil, sem heitir **Klofi** (40) og **Klofahaus** (41). Að vestanverðu í gilinu er **Húðaból** (42) fremst, en innar **Snikkaraból** (43) og **Háuból** (44). Þar er rani, sem heitir **Öxl** (45) og **Axlarskarð** (46). Innst í gilinu er **Standur** (47) og **Standabrekka** (48). Austan við Stand er **Standagil** (49). Upp af því eru **Kálfatorfur** (50). Vestur af Standi er **Flatahraun** (51). Vestur af því, við **Holtsgil** (52), er **Moldarhaus** (53) og **Hestatorfa** (54). Framarlega í Holtsgili eru **Kringlustandar** (55), en uppi á brúninni er torfa, sem heitir **Kringlutorfa** (56), og er hún á landamerkjum Fells og Holts. Austan megin í gilinu heita **Ofanferðir** (57). Innan við þær er **Kattarhryggur** (58) og **Austursetar** (59). Neðan undir þeim er **Lambhagi** (60). Innan við hann er **Vondanef** (61) og **Innri-Lambhagi** (62). Vestan megin í gilinu eru **Lausagöngur** (63) og **Björnshilla** (64). Fyrir innan hana eru **Vestursetar** (65). Í gilinu rennur Holtsá. Í henni er **Háifoss** (66).

Upp af Setunum er **Sokkusveldi** (67) og **Mjóistígur** (68). Þar upp af er **Hátindahraun** (69). Niður undan því er **Dimmagil** (70). Vestur úr því er **Þvergil** (71). Norðan við það eru **Fremridalir** (72) og **Innridalir** (73). Vestan megin við Dimmagil er hæð, sem heitir **Kambur** (74). Upp af honum er **Helluhraun** (75) (þangað sóttu Mýrdælir hellu í þök á hús sín). Þar norður af er **Klofningsgil** (76). Norður af því eru **Klofningar** (77). Vestan í þeim er **Lyngtorfa** (78) ofan í gilinu. Klofningar ná inn í jökul. Upp af Innridölum er fell, sem heitir **Punghöfuð** (79). Framan í jöklinum er fell, sem heitir **Jökulfell** (80).

Heimildarmaður er Tómas Lárusson, bóndi í Álftagróf. Er hann þar upp alinn, og hefur verið þar alla sína ævi.

Stafrófsskrá örnefna

Austursetar 59	Kringlustandar 55
Axlarskarð 46	Kringlutorfa 56
Bjallaból 11	Krögutorfa 35
Bjallahaus 13	Krögutorfuhaus 36
Bjalli 10	Kvíamýri 4
Björnshilla 64	Lambhagi 60
Brúnir 37	Lambhagi, Innri- 62
Dalamýri 27	Lausagöngur 63
Dimmagil 70	Lyngtorfa 78
Dýjamýri 16	Mjóistígur 68
Enni 7	Mógil 14
Fjárhúsklettur 18	Moldarhaus 53
Fjárhústún 17	Moldskurðir 28
Flatahraun 51	Ofanferðir 57
Flóðamýri 5	Punghöfuð 79
Fremridalir 72	Reiðingsból 34
Gatból 12	Sláttulág 19
Gróf 8	Sláttutorfa 20
Grófarmýri 6	Sléttur 15
Hafursá 2	Snikkaraból 43
Háifoss 66	Sokkusveldi 67
Hátindahraun 69	Standabrekka 48
Háuból 44	Standagil 49
Háubrekkur 9	Standur 47
Helluhraun 75	Stekkjarhólar 21
Hestatorfa 54	Vataból 33
Holtsá 1	Vataklofi 31
Holtsgil 52	Vatalækur 30
Hrismýrar 26	Vatatorfa 32
Hryggjartorfa 23	Vati 29
Hryggur 22	Vestursetar 65
Húðaból 42	Vondanef 61
Innridalir 73	Þvergil 71
Innri-Lambhagi 62	Öxl 45
Jökulfell 80	
Kálfatorfur 50	
Kambur 74	
Kattarhryggur 58	
Keldudalsá 39	
Keldudalsgil 38	
Kirkjuhóll 3	
Klofahaus 41	
Klofi 40	
Klofningar 77	
Klofningsgil 76	
Kringla 24	
Kringlumýri 25	